


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ	Áfangaheiti MYL 603 Kennsluáætlun haust 2012	
Síða 1 af 2		

Kennarar	Bryndís Arnardóttir <i>billa@vma.is</i> Björg Eiríksdóttir <i>bjorg@vma.is</i>	Viðtalstími mán. 13:00–13:40 <i>gsm 863.7541</i> mið. 10:45-11:25 <i>gsm 691.6681</i> í kennarastofu listnámsbrautar	Sk. st.	BRA BJE
-----------------	---	--	----------------	--------------------------

Áfangalýsing

Nemendur vinna verk sem þeir sýna í lok annar. Þeir velja sér miðil eftir áhugasviði, geta dýpkað skilning sinn á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt sér nýja. Þeir gera lýsingu á verkefni sínu ásamt áætlun um framkvæmd. Nemendur feta sköpunarferlið sjálfstætt en undir leiðsögn. (hugmyndavinna, rannsókn, framkvæmd) Nemendur leita víða gagna allt eftir því hvað hentar hverju verki. Verkið skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang. Nemendur vinna greinargerð sem fylgir lokaverkinu.

Markmið

Að nemandi

- ✓ sýni að hann hafi náð að tileinka sér þá þætti sem liggja að baki sjálfstæðri skapandi vinnu.



☐ sé fær um að vinna með þá miðla sem hann hefur áður kynnst eða tekist á við nýja

- velji sér viðfangsefni að eigin frumkvæði
- sýni frumkvæði og hugmyndaauðgi
- geri verkáætlun og fylgi henni eftir
- sýni öguð vinnubrögð
- geti unnið sjálfstætt

- ✓ geti kynnt verk sín og rökstutt eigið val
- ✓ geti á upplýstan og greinargóðan hátt fjallað um eigin verk og samnemenda sinna þannig að gagnlegar umræður skapist.

Skil


- ✗ **5. sept** Verklýsing/áætlun .
- ✗ **14. nóvember** Fullklárað verk / **Sýning** er áætluð **23. – 25. nóvember**
- ✗ **30. nóvember** Greinargerð / Ferlismappa (*prufur og skissur frá undirbúningsferlinu / hugmyndavinna sett fram á greinagóðan hátt /dagbókafærslur*)

Verkáætlun: Í upphafi áfanga skal nemandi vinna verkáætlun og skila til kennara. Verkáætlunin er beinagrind sem nemandi hleður utan á og getur hugmyndin breyst í vinnuferlinu.

Umræður Jafnt og þétt verða umræður um vinnuna einstaklingslega og í hóp. Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtöl við kennara reglulega.

Greinargerð: Nemendur skila skriflegri greinargerð í lokin þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd að baki, lýsing á þróunarferli og afstaða höfundar til niðurstöðu.

Dagbók/skissubók: Þýðingarmikið er að nemandi vinni skissu/hugmyndavinnu á markvissan

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Áfangaheiti MYL 603	
Síða 2 af 2		

hátt þannig að hann skrái ferlið að baki verkinu, hugsanir þælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt eigið skapandi ferli sýnilegt. Nemendur nota þetta við gerð greinargerðar.


Sýning: Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samvinnu við samnemendur sína. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar, velja sýningarstað og hanna kynningarefni.

Efni Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir en fá pappír og liti til skissuvinnu hjá skólanum.

Námsgögn Ýmsar bækur um listamenn og liststefnur sem tengjast hugmyndum hvers og eins, tímarit og vefsíður samtímalistasafna og einstakra listamanna.

Námsmat		Vægi
Lokaverk	25 %	50%
Mappa yfir ferlið	25 %	
Greinargerð		
Undirbúningsvinna		
Verkátætlun		
Umræður		
Ástundun, vinnulag		

Lokamat og yfirferð kennara áfangans og annara kennara brautarinnar		50%
---	--	-----



Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Með fyrirvara um breytingar,
Gangi ykkur vel og njótið !

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils